

Ársfundur faghóps leikskólaliða 2016

Ársfundur faghóps leikskólaliða var haldinn mánudaginn 11.apríl 2016 í húsnæði Eflingar Sætúni 1, 4 hæð. Faghópur leikskóla- og félagsliða héldu fundinn á sama tíma, þ.e. hóparnir héldu ársfund sitt í hvoru lagi en sameinuðust svo í skemmtilegum fyrirlestri Eyþórs Eðvarðssonar – *Stranglega bannað*.

Dagskrá fundarins:

Venjuleg ársfundarstörf

- Skýrsla stjórnar
- Kosning stjórnar
- Fyrirlestur- Eyþór Eðvarðsson - *Stranglega bannað*

Önnur mál

- Aðalbjörg J.Jóhannesdóttir fór yfir skýrslu stjórnar á liðnu starfsári.

Kosning stjórnar

Aðalbjörg J. Jóhannesdóttir (Holt) og Harpa Ásgeirsdóttir (Rauðhóll) buðu sig fram á ný til næstu tveggja ára 2016-2018. Fyrir í stjórn eru Elín Jónsdóttir (Rofaborg) og Sigurlaug Brynjólfsdóttir (Jörfi) 2015-2017. Sigurrós Kristinsdóttir verður áfram tengiliður leikskólaliða hjá Eflingu.

Sigurrós ræddi um mikilvægi þess að hafa faghóp leikskólaliða starfandi hjá félaginu. Faghópurinn heldur tvo fundi á ári þar sem boðið er upp á fræðslu og gamanmál. Mikil ánægja er með þessa fundi en þar koma saman namar og útskrifaðir leikskólaliðar og eiga saman ánægjulega samverustund.

Sigurrós benti fundarmönnum á að kynna sér þau mál sem eru í umræðunni og sem verið er að vinna að innan verkalýðshreyfingarinnar. Á heimasíðu Alþýðusambandsins er að finna samantekt á almannatryggingarkerfinu og fyrirhuguðum breytingum á því til hagsbóta fyrir almenning. Eins er samantekt á fyrirhugaðri stofnun leigufélags sem verkalýðshreyfingin er að vinna að þar sem áhersla verður lögð á leiguhúsnæði á viðráðanlegum kjörum. Sigurrós kynnti Fjólu sem er fræðslustjóri Eflingar .

Undir liðnum önnur mál var spurt um undirbúningstíma leikskólaliða og Eflingarfólks sem er með hópastarf. Sigurrós benti á að það væri bókun í kjarasamningum okkar sem tæki fram að leiðbeinendur og leikskólaliðar sem sannanlega sæju um hópastarf ættu að fá tíma til undirbúnings. Sigurrós tók einnig fram að ef starfsmenn fara á námskeið fyrir hönd leikskólans þá eiga einstaklingar ekki að nota sinn fræðslustyrk í það heldur á viðkomandi leikskóli að greiða þann kostnað.

Mættir á fundinn voru 32 leikskólaliðar.

Faghópar leikskóla og félagsliða voru síðan með sameiginlegan fræðslufund.

Eypór Eðvarðsson hjá Þekkingarmiðlun var með fyrirlesturinn *Stranglega bannað* sem fjallar um siðvenjur og hjátrú í bland við almenna kurteisi. Það má til dæmis ekki bora í nefið, hrækja úti á götu, geispa með hávaða, stynja og strjúka á sér magann. Eins er hjátrúin síðan í gamla daga enn við lýði eins og að ekki ganga undir stiga, klippa út í loftið og brjóta spegil, allt þetta hefur sínar afleiðingar, mjög oft 7 ára ógæfu. Hann sagði skemmtilega frá með miklum tilþrifum og það var mikið hlegið og allir könnuðust við eitthvað af þessu.

Fræðslufundur Faghópa félags- og leikskólaliða

Faghópar félagsliða og leikskólaliða héldu sameiginlegan fræðslu- og kynningarfund 9. nóvember 2015. Fundurinn var vel sóttur og voru þátttakendur ánægðir með fyrirlestur kvöldsins og ekki síður að fá að hitta hvort annað, fara yfir kjaramál og önnur réttindamál sem snúa að faghópunum.

Í byrjun fundar fór Sigurður Bessason, formaður Eflingar, yfir stöðuna í kjaramálum og eftir stuttar umræður var komið að léttara efni. Eypór Eðvarðsson, frá Þekkingarmiðlun, sló í gegn með leikrænum tilþrifum þegar hann flutti fyrirlestur sinn *Rugl og vitleysisgangur samstarfsmannanna*.